



## Bekkjarnámskrá 7. bekkjar í íslensku

**Inngangur:** „Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar.“ Í 7. bekk er lögð áhersla á að efla tjáningu og sköpun nemenda í töluðu og rituðu máli. Nemendur vinna með tungumálið og bókmenntir og efla færni sína í málnotkun. Íslenskukennslunni er skipt upp í fjóra þætti: Talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Mikilvægt er að nemendur geti tjáð skoðanir sínar, þjálfist í að segja skipulega frá og kunni að hlusta, horfa með athygli og á gagnrýninn hátt. Lögð er áhersla á góða lestrarfærni og að nemendur geti lesið sér til gagns og gamans sem og aflað sér upplýsinga. Þjálfun í ritun má greina í tvo megin þætti. Annars vegar textann sjálfan og hins vegar framsetning hans, s.s. skrift, stafsetning og frágangur. Nemendur fá þjálfun í að setja eigið efni fram með ýmsum hætti og fyrir ólíka lesendur.

Markmið málfræðikennslu í grunnskóla er að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á móðurmálinu. Málfræði og kennsla hennar má ekki vera einangrað fyrirbæri í kennslunni heldur virk í athugun á texta og töluðu máli, ekki síst í umfjöllun um texta nemenda sjálfra. Markmið málfræðikennslu er annars vegar að gera nemendur að betri málnotendum og hins vegar að gera þeim kleift að nota málfræðihugtök við ritun texta.

Kennslan í íslensku hefur það hlutverk að efla tjáningu og sköpun í töluðu máli. Mikilvægt er að nemendur þjálfist í að segja skipulega frá og gera grein fyrir þekkingu sinni og skoðunum. Gott vald á munnlegri tjáningu í móðurmáli er undirstaða tungumálanáms og nýttist í öllum öðrum námsgreinum. Mikilvægt er að nemendur læri að hlusta á aðra og taka tillit til skoðana þeirra í umræðum og rökræðum. Kennsla í töluðu máli og hlustun beinist ekki einungis að því að efla samræður og samskipti í skólastofu, heldur einnig að styrkja hæfni nemenda í notkun ýmissa samskiptamiðla, til að mynda netmiðla þar sem töluðu máli og hlustun er beitt. Lestur er öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar. Góð lestrarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera nemendum kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. Á undanförunum árum hefur orðið mikil breyting á þeim kröfum sem samfélagið gerir til lestrarfærni. Það felst í því að sá texti sem ber fyrir augu lesenda er mun fjölbreytilegri en áður og birtist ekki einungis á pappír heldur einnig á rafrænu formi. Bókmenntir eru menningararfur þjóðarinnar og er að verulegu leyti bundinn í bókum og þess vegna kynnast nemendur honum best með lestri ýmiss konar bókmennta. Í bókmenntum finna ungir lesendur fyrirmyndir og geta sett sig í spor persóna. Þannig getur bókmenntakennsla í skólum stuðlað að sterkari sjálfsmynd nemenda og kennt þeim umburðarlyndi í garð ólíkra menningarsamfélaga og minnihlutahópa.

Þeir sem hafa gott vald á rituðu máli hafa tök á að miðla efni til annarra. Leggja ber mikla áherslu á að nemendur nái tökum á að setja eigið efni skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti, fyrir ólíka hópa lesenda og í mismunandi tilgangi, bæði handskrifað og á stafrænu formi. Nemendur þurfa að læra að gagnrýna og endurskoða eigin texta og einnig að taka uppbyggilegri og faglegrri gagnrýni frá öðrum og nýta sér hana til að bæta ritsmíðar sínar. Þeir þurfa jafnframt að eiga þess kost að umrita og bæta texta sína eftir því sem þurfa þykir.

## Talað mál, hlustun og áhorf

### Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Lögð verður áhersla á áheyrilegan upplestur og gildi góðrar framsagnar. Nemendur kynna verkefni sem þeir vinna t.d. ritunarverkefni sín og önnur verkefni.. Nemendur læra að lesa ljóð og flytja. Nemendur eru þjálfaðir í upplestri og setja einnig upp leikrit þar sem lögð er áhersla á framsögn og leikræna tjáningu.

### Hæfniviðmið

#### Að nemendur:

- geti tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar,
- geti tjáð eigin og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar,
- geti tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum,
- geti hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum,

## Lestur og bókmenntir

### Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Nemendur velja bækur við hæfi á bókasafni eða heima til að lesa í yndislestri í skólanum og heima. Nemendur eru hvattir til að lesa fjölbreytta texta við hæfi til að auka við orðaforða sinn. Lögð verður áhersla á að nemendur auki lestrarhraða sinn skv. lesfímiviðmiðum Menntamálastofnunar en nemendur eru prófaðir þrisvar sinnum á ári í september, janúar og maí. Unnið með fjölbreytt verkefni til að auka lesskilning nemenda. Kynnt verða fjölbreytt ljóðform fyrir nemendum sem og helstu bókmenntahugtök. Nemendur læra að vinna með upplýsingar sem tengist verkefnavinnu t.a.m. í samfélagsfræði.

### Hæfniviðmið

#### Að nemendur:

- geti lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað,
- geti greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta,
- geti lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann,
- geti greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap,
- geti beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap,
- geti aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga,
- geti valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.

## Ritun

### Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Áhersla er lögð á ferilritun þar sem nemendur vinna fjölbreytt ritunarverkefni sem þeir birta og kynna fyrir samnemendum. Ritunarverkefnin eru sett á bekkjarbókasafn þar sem aðrir nemendur geta lesið. Nemendur þjálfa sig í að skrifa og skila handskrifuðum verkefnum. Nemendur eru þjálfaðir í stafsetningu m.a. með sóknarskrift. Nemendur skrifa heimildaritgerðir þar sem þeir gera heimildaskrá.

### Hæfniviðmið

#### Að nemendur:

- geti skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur,
- geti valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni,
- geti samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlut deild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa,
- geti beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim,
- geti skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda,



# Málfræði

## Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Grundvallarhugtök í málfræði eru þjálfuð í gegnum ritun og verkefnavinnu. Nemendur læra um sagnorð og fallorð. Einnig er unnið með stóran og lítinn staf, tvöfalda samhljóða, n og nn, y og ý.

## Hæfniviðmið

### Að nemendur:

- geti notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun,
- geti áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra,
- geti notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra i texta,
- geti beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins
- geti gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu



Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/Efnisval	Námsmat
<p>Íslenska er kennd í 240 mínútur á viku. Nemendur lesa bókmenntir að eigin vali og eftir getu hvers og eins. Kennarinn les upphátt valdar bækur og er unnið með efni þeirra. Nemendur skrifa texta að eigin vali í ritun. Í allri ritunarkennslunni er lögð áhersla á að nemendur endurskoði texta sinn undir leiðsögn kennara og bæti þannig ritsmíðar sínar. Þetta kallast ferilritun eða skapandi skrif. Málnotkun er kennd í tengslum við bókmenntir, verkefni í samfélagsfræði og ritun auk verkefnahefta. Nemendur eru hvattir til að sýna ábyrgð þegar þeir rita og nota þær reglur sem þeir hafa lært í málfræði og stafsetningu og þeir eiga að kunna.</p> <p>Í 7.bekk er lögð áhersla á nafnorð, lýsingarorð og sagnorð.</p> <p>Talað mál og hlustun er þjálfað með upplestri, hlustun og skoðanaskiptum.</p> <p>Nemendur æfa sig í upplestri á ljóðum og óbundnum texta. Nemendur í taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni sem er haldin ár hvert meðal nemenda í 7.bekk. Stóra upplestrarkeppnin er keppni sem fer fram í bekkjum og síðan á sal skólans. Sigurvegarar taka síðan þátt í lokakeppni þar sem skólar í Breiðholti keppa sín á milli.</p> <p>Sett er upp leikrit þar sem lögð er áhersla á skýran og vandaðan flutning.</p>	<p>Frjáls ritun</p> <p><i>Setuliðið</i> eftir Ragnar Gíslason.</p> <p><i>Galdrastafir og græn augu</i> eftir Önnu Heiðu Pálsdóttur.</p> <p><i>Röndóttir spóar</i> eftir Guðrúnu H. Eiríksdóttur.</p> <p>Ása Marín Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir. 2017. <i>Orðspor 3</i> textabók og vinnubók. Menntamálastofnun, Reykjavík.</p> <p>Guðmundur B. Kristmundsson, Rósa Björk Þorbjarnardóttir, Þóra Kristinsdóttir. 2015. <i>Málrækt 3</i>. Námsgagnastofnun, Reykjavík.</p> <p>Bókmenntir að eigin vali.</p> <p><i>Ljóðspor</i> ásamt öðrum ljóðabókum</p> <p>Vinna með heimildir.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Símat</li> <li>• Próf: skrifleg próf, heimapróf, munnleg próf, rafræn próf o.fl.</li> <li>• Vinnubækur</li> <li>• Sjálfsmat</li> <li>• Jafningjamat</li> </ul>

Öll hæfniviðmið eru samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla og flokkast eins og áður segir í: **talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði**. Námsmat í íslensku er fjölbreytt og lögð áhersla á að kanna alla þætti íslenskunnar þannig að matið sýni sem best hver staða nemandans er. Íslenskunámið er oft samþætt og samofið öðrum námsgreinum eins og samfélagsgreinum og upplýsinga- og tæknimennt. Nemendur eru hvattir til að sýna framfarir og góðan árangur en námsmatið er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir nemendur til að ná settu marki.

Nemendur og aðstandendur í 7.bekk geta fylgst með framvindu og árangri með því að skoða verkefnafyrirgjöf í Mentor þar sem verkefni og próf hafa verið metin. Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár en nemendur fá einkunn fyrir próf og verkefni og eru þau metin út frá: **A – B+ - B – C+ - C – D**.